

Miðvikudaginn 31. maí 1933.

Nr. 89/1932. **Bæjarfógeti Vestmannaeyja, f. h. protabús Soffíu Þórðardóttur**
(Bjarni Þ. Johnson)
gegn

Einari Jónssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Sérstaklega samið um ákvörðun og útreikning formannskaups án missis sjóveðréttar.

Dómur sjóréttar Vestmannaeyja 21. marz 1932: Stefnda, Protabú Soffíu Þórðardóttur, greiði stefnanda, Einari Jónssyni kr. 1376,76 með 6% ársvöxtum frá 11. maí 1930 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefnandi hefir sjóveðrétt í m. b. „Undína“ V. E. 242 fyrir hinni umstefndu upphæð ásamt vöxtum og kostnaði. Svo og rétt til þess að láta selja nefndan vélbát, að undan-gengnu fjárnámi til lúkningar dómskuldarinnar.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst þess, að fellt verði úr hinum áfrýjaða dómi ákvæði hans um sjóveðrétt stefnda, og að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti.

Stefndi, sem hefir fengið gjafvörn fyrir hæstarétti og sér skipaðan talsmann, krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Fyrir vetrarvertíð í Vestmannaeyjum 1930, eða í byrjun hennar, virðast þau stefndi og Soffía Þórðardóttir hafa samið svo um formannskaup stefnda, að hann skyldi hafa $\frac{1}{4}$ hluta af aflu skipsins. Tók Soffía til sín aflu skipsins allan og óskiptan frá

upphafi vertíðarinnar til enda. Það verður að gera ráð fyrir því, að þau hafi ákveðið eigi síðar en í upphafi vertíðar, hvaða verði Soffía skyldi greiða aflahlut stefnda fyrir áðurnefnda ver- tíð. Verður að líta svo á, sem þar með hafi einung- is verið ákveðinn sá háttur, er hafa skyldi um á- kvörðun og útreikning formannskaupsins. Verður það ekki álitíð, að stefndi hafi með þessu móti misst þann sjóveðrétt í skipinu, sem sjómönnum er veittur eftir 2. tölulið 236. gr. siglingalaga nr. 56, 1914. Það verður því eins og sagt er í hinum áfrýj- aða dómi að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda umstefndar kr. 1376,76 með 6% ársvöxtum frá 11. maí 1931 til greiðsludags.

Krafist var í héraði af hálfu stefnda kr. 164,00 í málskostnað. Þessa upphæð verður að dæma á- frýjanda til að greiða stefnda í málskostnað í hér- aði. Fyrir hæstarétti þykir rétt að dæma áfrýj- anda til að greiða stefnda málflutningsþóknun tals- manns stefnda, er ákveðst 80 krónur.

Svo ber og að dæma stefnda sjóveðrétt í vélbát- um „Undína“ V. E. 242 til tryggingar öllum hinum framangreindu upphæðum.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, bæjarfógti Vestmannaeyja, f. h. Þrotabús Soffíu Þórðardóttur, greiði stefnda, Einari Jónssyni á Moldnúpi, kr. 1376,76 með 6% ársvöxtum frá 11. maí 1931 til greiðsludags. Málskostnað í héraði greiði áfrýjandi stefnda með 164 krónum, og ennfremur 80 krónur til skipaðs talsmanns stefnda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Sveinbjarnar

Jónssonar. Stefnda ber loks sjóveðréttur í vélbátnum „Undína“ V. E. 242 til tryggingar öllum hinum framangreindu upphæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjódomi Vestmannaeyja með stefnu útgefinni 8. maí f. á. af Einari Jónssyni, Moldnúpi undir Eyjafjöllum gegn þrotabúi Soffiu Þórðardóttur, kaupkonu, hér í bæ, til greiðslu eftirstöðva á formannshlut á vélbátnum „Undína“, V. E. 242, þá eign stefndu, að upphæð kr. 1376,76 með 6% ársvöxtum frá 11. maí 1930 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Ennfremur hefir stefnandi krafizt þess, að viðurkenndur verði með dómi sjódomsins sjóveðréttur í m. b. „Undína“ V. E. 242 fyrir hinni umstefndu upphæð ásamt vöxtum og kostnaði, svo og réttur til að láta selja bátinn til lúkningar skuldarinnar.

Leitað var sátta, en árangurslaust.

Stefnda hefir samþykkt kröfu stefnanda, að svo miklu leyti, sem það viðurkennir hana sem vangreidda skuld, er stafi af sölu fiskhlutarins til sín.

Hinsvegar hefir stefnda mótmælt algerlega kröfunni um sjóveðrétt, svo og málskostnaðarkröfu stefnanda og krafist að sér yrði tildæmdur hæfilegur málskostnaður.

Málavextir eru þeir, að á öndverðri vertið 1930 réðist stefnandi sem formaður á vélbátinn „Undína“ V. E. 242, eign Soffiu Þórðardóttur, kaupkonu, upp á $\frac{1}{4}$ hluta af afla vélbátsins. Gekk aflahlutur stefnanda, þegar frá byrjun, óskiftur til útgerðarmannsins (stefndu), sem hirti hann og ráðstafaði honum sem sínum eigin fiski.

Þegar í byrjun mun það hafa orðið að samkomulagi milli stefnanda og stefndu, að verð fiskjar stefnanda skyldi vera 0,90 pr. stykki. Nemur inneign stefnanda samkvæmt því, eins og að framan greinir, kr. 1376,76, enda virðist enginn ágreiningur um upphæð þessarar kröfu.

Til stuðnings kröfu sinni um sjóveðrétt heldur stefnandi því fram, að enda þótt stefnda hafi tekið við hlut

hans og 90 aura verð á fiskinum hafi verið lagt til grundvallar, þá hafi í rauninni engin sala átt sér stað á fiskhlutnum og þar af leiðandi ekki afsal á sjóveðréttindum. Hinsvegar hafi hér verið um viðbótarsamkomulag að ræða, á þá leið, að þóknun stefnanda fyrir formennskuna skyldi ákveðast þannig, að hann fengi 90 aura fyrir hvern fisk, er honum bæri í hlut sinn.

Mótmæli sín gegn sjóveðréttinum byggir stefnda á því, að stefnandi hafi þegar í öndverðu selt sér fiskinn og hafi því hér verið um kaup og sölu að ræða, enda hafi hann fengið fiskinn greiddan með því að honum var færður hann til tekna á viðskiptareikningi. Hefði honum borið að öðrum kosti að taka fisk sinn sjálfur frá öðrum fiski og ráðstafa honum á annan hátt, en raun varð á.

Með því að stefnandi hefir mótmælt því, að hann hafi í raun og veru selt stefnda fiskinn, virðist svo að sönnunarbyrðin fyrir því að kaup, er eftir atvikum geti haft í för með sér að sjóveðsrétturinn hafi tapast, hvíli á stefndu. Virðist réttinum að ekki séu nægileg rök færð fyrir því, enda þótt að innfærsla andvirðis hlutarins á viðskiptareikning stefnanda, sé nokkur visbending um kaupin.

Rétturinn getur heldur ekki fallist á að máli skipti þó að stefnandi „skipti sér ekki úr“.

Þessar sýknunarástæður verða því ekki teknar til greina.

Enda þótt 236. gr. 2. málsgrein siglingarlaganna taki ekki berum orðum til hlutamanna, þar sem nefnd málsgræin talar aðeins um „sjóveðrétt til tryggingar kaupi og annarar þóknunar“ þá verður rétturinn að líta svo á að hlutaráðningu beri að skoða sem kaupfyrirkomulag, er njóti hinnar sömu tryggingar, þar sem hlutamaður, sem engan þátt tekur í útgerðarkostnaði skips, virðist hafa algerlega sömu aðstöðu og sjómenn almennt.

Af þessari ástæðu, svo og vegna þess er að framan greinir, ber að tildæma stefnanda sjóveðrétt í v. b. „Undína“ V. E. 242, svo og rétt til þess, að undangengnu fjárnámi að láta selja nefndan bát til greiðslu á framangreindri kröfu hans á hendur stefndu.

Rétt þykir að taka málskostnaðarkröfu stefnanda til greina.